

Ekki er leyfilegt að hlaða heiltunnum hærra en 8 hæðir og hálf-tunnum í 10 hæðir. 5 neðstu tunnuraðir af heiltunnum séu botnréttar, en 7 af hálf-tunnum. Framleiðslu-
eftirlitið getur þó í undantekningartilvikum heimilað hleðslu heiltunna í 9 hæðir.

Í neðstu tveim lögnum skulu tappar snúa upp.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

40. gr.

Framleiðslueftirlitinu er heimilt að innheimta hjá sildareigendum kostnað fyrir
rannsóknir vegna mats og eftirlits. Ennfremur er heimilt að innheimta kostnað vegna
mats og eftirlitsstarfa samkvæmt gjaldskrá eða reglum, sem samþykktar verða af
sjávarútvegsráðuneytinu.

41. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar verða refsingu samkvæmt ákvæðum 17.
gr. laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

42. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um
Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 113 30.
ágúst 1954, um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsildar ásamt
síðari breytingu á henni nr. 87 21. maí 1957.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 258 26. júlí 1977, sbr. reglugerð nr. 426
1. desember 1977, um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

2. mgr. 6. greinar orðist svo:

Eftirstöðvarnar skulu hundnar lánskjaravísitölu til greiðsludags og bera hæstu
lögleyfðu vexti á hverjum tíma.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmanna-
eyjakaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast
gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júlí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.